

**Ed.**

**68. Frumvarp til laga**

um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Bernharð Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Vinningur í happdrætti Hallgrímskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 28. maí 1943, skal vera undanþeginn álagningu tekjuskatts og útsvars fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Til happdrættis þess, er hér um ræðir, er stofnað í þeim tilgangi að afla fjár til byggingar Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Þar sem hér er um að ræða kirkju, sem ætlazt er til, að öll þjóðin geti tileinkað sér sem minnisvarða um Hallgrím Pétursson, sem sé í samræmi við störf hans og anda, þá telst ekki óeðlilegt, að hið opinbera hlutist til um, að fjársöfnun til þessa minnisvarða sé studd á allan hátt.